



GOLFKLÚBBUR
VATNSLEYSUSTRANDAR

STOFNADUR 1991

Fundargerð

Stjórnarfundur haldinn í Golfskála GVS að Kálfatjörn

Þriðjudaginn 6. september 2016; kl. 19:30

Mættir á fundinum:

Mættir: Hilmar Egill Sveinbjörnsson, Albert Ómar Guðbrandsson, Jón Páll Sigurjónsson, Jón Ingi Baldvinsson, Magnús Árnason, Þorvarður Bessi Einarsson, Ingibjörg Þórðardóttir, Sigurður Ragnarsson, Kristinn Þór Guðbjartsson, Reynir Ámundason og Húbert Ágústsson.

Hilmar setti fund og bauð menn velkomna.

1. Fjármál

Jón Páll gerir grein fyrir rekstri félagsins. Mikil aukning hefur orðið á tekjum í veitingasölu, félagsgjöldum og vallargjöldum. Þá sé í vinnslu hjá gjaldkera að endursemjja um lán og vexti. Fundarmenn samþykkja að veita Jóni Páli Sigurjónssyni umboð til að endursemjja um lán félagsins. Húbert ræðir um opnun og auglýsingu á opnunartíma. Hilmar ræðir um nauðsyn þess að fá umræður við sveitarfélagið um samning um styrk til klúbbsins og aukningu á unglíngastarfi GVS.

2. Vélar

Húbert gerir grein fyrir ástandi véla. Húbert upplýsir að hann hafi áhuga á að selja brautarvélina sem sé erfið í notkun á vellinum, þar sem hún svari fljótt öllum misjöfnum, en kaupa í staðinn vél sem hentaði betur. Ákveðið að ef Húbert tekst að selja vélina verði farið í að kaupa aðra vél og jafnvel valtara frá USA.

3. Áhaldahús

Hilmar spyr hvort tími sé kominn á lokaúttekt á áhaldahúsinu. Ákveðið að ganga í málið í haust og fá Sigurð byggingafulltrúa til að koma og benda á hvað þurfi að laga.

4. Vallarmál

Hilmar spyr hvað líði dælumálum og Húbert upplýsir að búið sé að laga dæluna og að hún sé í góðu lagi. Bessi spyr um ástand vökvunarbúnaðar og Húbert upplýsir að fara þurfi yfir vökvunarbúnað sem sé á nokkrum stöðum orðinn dapur. Málið sé hins vegar ekki forgangsmál hjá okkur. Nauðsynlegt sé að koma lögnum niður í klöppina á sumum stöðum og að rétt væri að hafa augun opin ef okkur biðist smágrafa með fleig og nýta þá tækifærið til að fara í málið. Varðandi nýju flötina á fyrstu braut, þá vanti nokkra bíla af hömruðu efni til að bæta við flötina. Þá sé einnig rétt að huga að breytingum á bönkerum til að minnka sandfok úr þeim.

5. Mótamál

Albert upplýsir að Bændaglíman verði 1. Október. Rætt er um M-mótaröðina og Albert upplýsir að hún hafi ekki verið að gera sig. Rætt er um hvað þurfi að gera til að bæta hana og skapa stemningu. Er það álit manna að hún þurfi að vera í fastari skorðum. Húbert stingur uppá að breyta henni og hafa hana frekar sem stök innanfélagsmót og að gert verði meira úr hverju móti. Þá eru menn sammála um að hjóna- og parakeppnir hafi verið góðar og að félagar hafi verið ánægðir með þær. Fundarmenn eru sammála um að leggja meiri áherslu á skemmtimót eins og hjóna og parakeppnir frekar en punktakeppnir og mótaraðir. Ingibjörg leggur fram tillögu um að öllum félagsmönnum verði sent email fyrir hvert mót, sem er framundan, með hvatningu um að taka þátt. Þá er rætt um að halda firmakeppni á næsta ári og að allir stjórnarmenn fái tvö til þrjú fyrirtæki til að taka þátt og að þátttökugjald verði kr. 30.000. Innifalið í mótsgjaldi verði veitingar. Hvert fyrirtæki sendi 2 menn til að spila fyrir sitt firma og ef firmað geti ekki skaffað 2 menn sjái GVS um að skaffa menn til að spila fyrir það. Fundarmenn eru sammála um að halda slíka firmakeppni.

6. Önnur mál

- Umræður um ástand skála og palls. Fundarmenn eru sammála um að fara þurfi yfir pallinn og lagfæra. Rætt er um að stækka pallinn til norðurs í átt að fyrsta teig og byggja

skjólvegg til að skapa skjól þeim megin. Fundarmenn eru sammála því. Þá er rætt um að huga að gluggum og hurðum á skála. Ákveðið að taka þetta með í vorvinnuna. Reynir ætlar að taka að sér að athuga með flasningar á þakkant á skálanum.

- Ingibjörg vekur athygli á að mikil ánægja hafi verið með þriðjudags æfingarnar.
- Húbert leggur fram tillögu um að hætta að nota heimasíðu klúbbsins sem fréttasíðu en nota þess í stað Facebook síðuna til að koma fréttum á framfæri. Fundarmenn eru sammála Húberti.
- Rætt er um fatnað og menn ekki á einu máli hvað rétt sé að gera í málinu. Hilmar upplýsir að varðandi fatnað frá Íslensk Ameríska hafi það verið sett á hold þar til næsta vor.
- Rætt er um teigmerkingar og hvað sé rétt að gera til að bæta þær frekar. Fundarmenn eru sammála um að sjá til og athuga málið að fenginni reynslu.
- Hilmar upplýsir um fyrirspurn frá Þrótti um hvort GVS hefði áhuga á að koma að kynningu á íþróttastarfsemi í sveitarfélaginu. Fundarmenn eru sammála um að taka þátt í þessari kynningu og athuga í framhaldi af því með kaup á SNAG tæki til að kynna golfið.
- Rætt er um hlutverk varamanna í stjórn og hvort þeim sé skylt að mæta á stjórnarfundi. Fundarmenn eru sammála um að sú hefð sem skapast hafi í klúbbum að varamenn sitji stjórnarfundi, sé í raun heppileg til að sem flestir séu inni í málefnum klúbbsins, þó svo að varamenn beri ekki ábyrgð eða hafi atkvæðisrétt.
- Umræður um nauðsyn þess að hafa aðgengilega á netinu eða aðgengilega á skrifstofu framkvæmda-áætlun eða verkplan, þannig að stjórn hafi betri yfirsýn yfir fyrirhugaðar framkvæmdir. Kristinn bendir á forrit sem hægt sé að nota fyrir slíkt þar sem margir geti unnið í saman.
- Bessi spyr hvort fundarmönnum finnist álagning í sjoppunni eðlileg. Rætt er um álagningu almennt og hvort eitthvað væri hægt að gera. Magnús bendir á að ekki sé óeðlilegt að félagsmenn fái afslátt. Meirihluti fundarmanna telur of flókið að veita afslátt, þar sem flækjustigið sé ærið fyrir.
- Kristinn leggur fram tillögu um að við birtum fundargerðir framvegis á heimasíðu klúbbsins. Fundarmenn eru samþykkið því.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 22:15

Magnús Árnason

Ritari

GOLFKLÚBBUR

VATNSLEYSUSTRANDAR

STOFNAÐUR 1991